

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Víkið ekki af veginum

Rosemary M. Wixom
aðalforseti Barnafélagsins

Nýlega varð ég vitni að fæðingu agnarlitlu Kate Elizabeth. Eftir að hún kom í heiminn og var færð í arma móður sinnar, teygði Kate sig í fingur móður sinnar og hélt í hann. Það var eins og Kate væri að segja: „Ef ég held fast, munt þú þá hjálpa mér að feta veginn aftur til míns himneska föður?“

Joseph Smith var sjö ára gamall þegar hann smitaðist af taugaveiki og sýking kom í fót hans. Nathan Smith læknir hafði þá nýverið þróað skurðaðgerð sem gæti bjargað fætinum. Án nokkurrar deyfingar þurfti Smith læknir að skera í fótinn og í raun fjarlægja hluta af sýkta beininu. Þar sem Joseph neitaði að drekka koníak þurfti hann að þola sársaukann, en hann neitaði að láta binda sig niður og sagði: „Ég vil að faðir minn sitji á rúminu og haldi mér í örmum sínum og þá mun ég gera það sem til þarf.“¹

Til barna hvarvetna í heiminum segjum við: „Takið í hönd mína. Haldið fast. Saman munum við halda okkur á veginum sem liggur til himnesks föður.“

Foreldrar, afar, ömmur, nágrannar, vinir, Barnafélagsleiðtogar – sérhvert okkar getur náð til barnanna og haldið í þau. Við getum staldrað við, kropið niður og litið í augu þeirra og fundið fyrir eðlislægri þrá þeirra eftir að fylgja frelsaranum. Takið í hönd þeirra. Gangið með þeim. Þetta er okkar tækifæri til að festa þau kirfilega á vegi trúarinnar.

Ekkert barn á að þurfa að ferðast eftir veginum einsamalt – svo lengi sem við tölum opinskátt um sálhjálparáætlunina við börnin. Skilningur á áætluninni mun hjálpa þeim að halda fast við þann sannleika, að þau eru börn Guðs og hann hefur áætlun fyrir þau, að þau voru hjá honum í fortílverunni, að þau sungu gleðisöng yfir að koma til þessarar jarðar, og að með hjálp frelsarans getum við öll snúið aftur í návist himnesks föður. Þau munu ekki hræðast, ef þau skilja áætlunina og hver þau eru.

Í 24. kafla í Alma lesum við: „Hann elskar sálir vorar eins og hann elskar börn vor. Þess vegna ... [verður] endurlausnaráætlunin ... kunngjörð oss, jafnt og komandi kynslóðum.“²

Við hefjumst handa við að láta börn okkar vita af áætluninni

þegar við sjálf höldum fast í járnstöngina.

Þegar við höldum fast í járnstöngina erum við í þeirri stöðu að geta lagt hönd okkar yfir hönd þeirra og gengið hinn krappa og þrönga veg saman. Fordæmi okkar magnast í augum þeirra. Þau munu fylgja fordæmi okkar þegar þau finna öryggið í því sem við gerum. Við þurfum ekki að vera fullkomin – einungis heiðarleg og einlæg. Börn vilja upplifa sig sem eitt með okkur. Þegar foreldri segir „Við getum gert þetta! Við getum lesið ritningarnar daglega sem fjölskylda“ þá munu börnin gera það!

Ein slík fjölskylda með fjögur ung börn skrifaði: „Við tókum ákvörðun um að byrja smátt vegna þess að börn okkar höfðu stutt athyglissvið. Elsta dóttir okkar kundi ekki enn að lesa en hún gat endurtekið orð okkar og því hófum við að lesa í Mormónsbók, einungis þrjú vers á hverju kvöldi. Eiginmaður minn og ég lásum sitt versið hvort og síðan endurtók Sydney eitt vers. Við færðum okkur yfir í fjögur vers og síðan fimm er drengirnir hófu að endurtaka sín eigin vers. Já, okkur miðaði lítið áfram en við höldum samt áfram. Við reyndum að einblína á stöðugleika í stað hraða. Það tók okkur þrjú og hálf ár að klára Mormónsbók. Okkur fannst við virkilega hafa afrekað miklu!“

Móðirin heldur áfram: „Nú er daglegur lestur fjölskyldunnar á ritningunum orðinn að venju í fjölskyldu okkar. Börnum okkar er tungumál ritninganna tamt og við hjónin gefum okkur tíma til að bera vitnisburð um sannleikann. Það sem mestu skiptir þó er, að við finnum meira fyrir andanum á heimili okkar.“

Lærið þið það sama og ég af þessari sögu? Þegar við erum ákveðin í að halda fast í orð Guðs, getum við lesið þó ekki sé nema eitt vers í einu. Það er aldrei of seint að byrja. Þið getið hafist handa núna.

Heimurinn mun kenna börnum okkar ef við kennum þeim ekki og börn geta, strax á unga aldri, lært allt það sem heimurinn kennir þeim. Það sem við viljum að þau viti eftir fimm ár verður að vera hluti af samræðum okkar með þeim í dag. Kennið þeim, hverjar sem aðstæðurnar eru. Nýtið ykkur hverja röksemd, hverjar afleiðingar, hverja reynslu sem þau takast á við, sem tækifæri til að kenna þeim að halda fast við sannleika fagnaðarerindisins.

Shannon, ung móðir, bjóst ekki við því að kenna börnum sínum um kraft bænaráttarinnar þegar þau hópuðust inn í bílinn þeirra til að ferðast heim til sín, sem var í 40 mínútna akstursfjarlægð. Veðrið var fínt þegar þau yfirgáfu heimili ömmu þeirra, en þegar þau nálgðuðust gilið breyttist létt snjókomann í snjóhríð. Bíllinn tók að renna til á veginum. Skyggnið var nánast ekkert.

Tvö yngstu börnin fundu spennuna sem aðstæðurnar höfðu valdið og tóku að gráta. Shannon sagði við eldri börnin, Heidi og Tómas sem voru átta og sex ára: „Þið þurfið að biðja. Við þurfum á hjálp himnesks föðurs að halda til að komast heil heim. Biðjið um að við munum ekki festast og að við munum ekki renna út af veginum.“ Hundur hennar titruðu er hún stýrði bílnum, en þó heyrði hún lágværar og stuttar bænir sem voru endurtekna í baksætinu: „Himneskur faðir, viltu hjálpa okkur að komast heil heim, gerðu það hjálpaðu okkur svo við rennum ekki út af veginum.“ Eftir stutta stund róuðust yngstu tvö börnin vegna bænanna og þau hættu að gráta í þann mund sem í ljós kom að þau komust ekki lengra því veginum hafði verið lokað. Varfærnislega sneru þau við og fundu gistiheimili sem þau gátu verið á yfir nóttina. Þegar inn á gistiheimilið kom, krupu þau niður og þökkðu himneskum föður fyrir öryggið. Þetta kvöld kenndi móðirin börnum sínum um kraftinn sem hlýst af því að halda fast í bænina.

Hvaða áskoranir munu börn okkar takast á við? Eins og Joseph Smith munu börn okkar finna kjarkinn til „að gera það sem til þarf.“ Þegar við erum ákveðin í að halda í þau og kenna þeim um áætlun himnesks föðurs með bæn og ritningarnámi, þá munu þau vita *hvaðan* þau komu, *af hverju* þau eru hér og *hvert* þau eru að fara.

Síðasta vor fórum við hjónin á fótboltaleik fjögurra ára barnabarns okkar. Finna mátti spenninginn sem var á vellinum er leikmennirnir hlupu í allar áttir á eftir fóboltanum. Leikmennirnir vissu ekki hvort liðið hafði unnið þegar leikurinn var flautaður af. Þeir höfðu einfaldlega verið að spila. Þjálfararnir sögðu leikmönnum og mótherjum að takast í hendur. Síðan tók ég eftir einu merkilegu. Þjálfarinn bað um sigurgöng. Allir foreldrar, afar og ömmur og aðrir áhorfendur sem höfðu komið til að horfa á leikinn stóðu upp og fóru í tvær raðir, hvor röðin á móti hinni, og lyftu örmum svo að úr varð bogi. Það tísti í börnunum er þau hlupu fagnandi undir boga fullorðna fólksins, gegnum þessi manngerðu göng. Brátt tóku börnin úr hinu liðinu að taka þátt – vinningshafarnir og þeir sem töpuðu--öllum var fagnað af hinum fullorðnu þegar bæði liðin hlupu gegnum sigurgöngin.

Í huga mínum sá ég annað fyrir mér. Ég fékk þá tilfinningu að ég væri að horfa á börn lifa eftir áætluninni sem himneskur föður hefur skapað fyrir sérhvert barn. Þau hlupu eftir hinum krappa og þrönga vegi í gegnum arma áhorfenda sem elskuðu þau og öll fundu þau gleðina yfir að vera á veginum.

Jakob sagði: „Ó, hversu mikilfengleg er áætlun Guðs vors“³ Frelsarinn hefur „sýn[t] veg og veitt leið.“⁴ Þegar við höldum í börn okkar og fylgjum forystu frelsarans, munum við öll snúa aftur til okkar himneska heimilis og verða örugg í örmum himnesks föður. Um það vitna ég.

Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Lucy Mack Smith, *History of Joseph Smith by his mother*, ritstýrt af Preston Nibley (1958), 56–57.
2. Alma 24:14.
3. 2 Ne 9:13.
4. „Þá ást og visku veitti hann,“ *Sálmar*, nr. 69.